

Umferðarland – söngleikur fyrir yngstu nemendurna

Grundaskóli er móðurskóli í umferðarfræðslu og af því tilefni var ráðist í það stórvirki af nemendum og kennurum listabrautar, að setja á svið frumsaminn söngleik fyrir yngstu nemendurna þar sem markmiðið er að kenna umferðarreglurnar á skemmtilegan og uppbyggilegan hátt. Söngleikurinn fjallar um Betu sem þarf að labba ein í skólann í fyrsta skipti. Á leiðinni lendir hún í hrekkjusvínnum og skemmdarvörgum sem virða engar reglur. Í framhaldi af því berst leikurinn inn í nýjan heim sem heitir Umferðarland og lendir Beta þar í ýmsum ævintýrum en auðvitað fer allt vel að lokum. Í framhaldi af uppsetningu söngleiksins fengu höfundar verksins þá hugmynd að búa til námsefni sem byggir á söguþræðinum og mun það efni birtast á Umferðarvefnum á skólaárinu 2010-2011. Um er að ræða söngleikinn í formi útvarpsleikrits, sem skipt er upp í 8 kennslustundir þar sem tónlist kemur mikið við sögu ásamt fjölbreyttum verkefnum fyrir yngstu nemendurna.

